

Orkuveita Reykjavíkur

Móðurfyrirtæki
Ársreikningur 2016

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við ársreikningalög nr. 3/2006. Fyrtækið er sjálfstætt eignarhaldsfyrtæki sem veitir dótturfélögum sínum margvíslega stoðþjónustu. Dótturfélögin eru þjónustufélög sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Hagnaður af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á árinu nam 11.511 milljónum kr. (2015: 10.681 milljónum kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir fyrirtækisins 295.509 milljónum kr. í árslok (31.12.2015: 305.358 milljónir kr.). Eigið fé nam 128.078 milljónum kr. í árslok (31.12.2015: 123.214 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall fyrirtækisins 43,3%

Í upphafi ársins sem og í árslok voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:

Eignarhluti

Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Arðgreiðsluskilyrði félagsins verða skoðuð nánar á árinu 2017 og afstaða til meðferðar hagnaðar vegna ársins 2016 verður tekin á aðalfundi félagsins.

Fjallað er um áhættustýringu félagsins í skýringum 24 til og með 28 í samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórnhættir

Stjórn Orkuveitunnar leitast við að viðhalda góðum stjórnháttum og efla þá. Stjórnháttum Orkuveitu Reykjavíkur er skipað með lögum nr. 136/2013, sameignarsamningi eigenda, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar. Starfsreglurnar taka einnig mið af siðareglum fyrirtækisins, Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins og handbók stjórnarmanna. Þessi skjöl eru aðgengileg á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur skipað starfskjaranefnd og hefur tilnefnt fulltrúa í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er ársreikningur fyrirtækisins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og forstjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu fyrirtækisins 31. desember 2016 ásamt rekstrarafkomu þess sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2016.

Reykjavík, 20. mars 2016.

Í stjórn fyrirtækisins:

Brynhildur Davíðsdóttir

Kjartan Magnússon

Áslaug Friðriksdóttir

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Gylfi Magnússon

Valdís Eyjólfsson

Forstjóri:

Bjarni Bjarnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur („fyrirtækið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi fyrirtækisins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa fyrirtækið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi fyrirtækisins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert fyrirtækið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 20. mars 2017

KPMG ehf.

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur		6.174.118	5.325.581
Söluhagnaður		2.544	44.684
Rekstrartekjur samtals		<u>6.176.662</u>	<u>5.370.265</u>
Laun og launatengd gjöld	4	(2.223.986)	(1.905.648)
Annar rekstrarkostnaður		(4.001.990)	(3.839.640)
		(6.225.975)	(5.745.288)
Rekstrartap fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>(49.313)</u>	<u>(375.023)</u>
Afskriftir og virðisrýrnun	6	(1.299.969)	(1.553.972)
Rekstrartap (EBIT)		<u>(1.349.282)</u>	<u>(1.928.995)</u>
Vaxtatekjur		7.680.486	9.446.798
Vaxtagjöld		(5.663.659)	(5.137.959)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		6.641.747	2.018.449
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	7	<u>8.658.574</u>	<u>6.327.288</u>
Áhrif dótturfélaga		6.825.806	7.859.998
Áhrif hlutdeildarfélaganna	12	(3.413)	3.562
		6.822.393	7.863.560
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>14.131.684</u>	<u>12.261.853</u>
Tekjuskattur	8	(2.620.362)	(1.580.990)
Hagnaður ársins		<u><u>11.511.323</u></u>	<u><u>10.680.863</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	2.526.265	3.173.141
Óefnislegar eignir	10	1.503.771	1.366.036
Eignarhlutar í dótturfélögum	11	134.291.395	134.489.861
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	12	59.337	62.750
Eignarhlutar í öðrum félögum	13	3.271.991	2.894.831
Áhættuvarnarsamningar	14	883.978	536.642
Lán til dótturfélaga	15	121.061.827	134.427.834
Aðrar fjáreignir	16	4.091.936	0
Tekjuskattseign	17	0	709.813
Fastafjármunir samtals		<u>267.690.501</u>	<u>277.660.909</u>
Birgðir	18	531.172	514.030
Viðskiptakröfur		1.014.617	1.159.568
Áhættuvarnarsamningar	14	513.167	805.795
Lán til dótturfélaga, næsta árs afborgun	15	7.962.723	8.165.257
Skammtímakröfur á dótturfélög	23	1.362.225	1.323.449
Aðrar fjáreignir	16	0	8.713.156
Aðrar skammtímakröfur		140.232	159.770
Fyrirframgreiddur kostnaður		48.416	12.209
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	19	4.132.427	1.908.275
Handbært fé	19	12.113.391	4.935.827
Veltufjármunir samtals		<u>27.818.370</u>	<u>27.697.337</u>
Eignir samtals		<u>295.508.871</u>	<u>305.358.247</u>
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		72.918.471	75.808.678
Bundinn hlutdeildarreikningur		7.000.139	0
Bundið eigið fé vegna þróunar		59.759	0
Gangvirðisreikningur		2.822.160	2.445.000
Þýðingarmunur	(	1.785.611)	5.238.661
Óráðstafað eigið fé		47.063.461	39.721.829
Eigið fé samtals		<u>128.078.379</u>	<u>123.214.168</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	21	123.691.610	141.720.400
Áhættuvarnarsamningar	14	2.938.210	2.618.650
Tekjuskattsskuldbinding	17	288.831	0
Langtímaskuldir samtals		<u>126.918.651</u>	<u>144.339.049</u>
Viðskiptaskuldir		694.741	609.834
Vaxtaberandi skuldir	21	17.018.888	19.090.494
Áhættuvarnarsamningar	14	2.677.387	2.500.033
Tekjuskattur til greiðslu		1.621.717	0
Skammtímaskuldir við dótturfélög	23	16.566.991	13.843.031
Aðrar skammtímaskuldir		1.932.116	1.761.637
Skammtímaskuldir samtals		<u>40.511.841</u>	<u>37.805.029</u>
Skuldir samtals		<u>167.430.492</u>	<u>182.144.079</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>295.508.871</u>	<u>305.358.247</u>

Eiginfjáryfirlit 2016

	Endurmats- reikningur rekstrarfjármuna	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé móður- fyrirtækis
Árið 2016							
Eigið fé 1. janúar 2016	75.808.678	0	0	2.445.000	5.238.661	39.721.829	123.214.168
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu				377.160			377.160
Þýðingarmunur					(7.024.272)		(7.024.272)
Hagnaður ársins						11.511.323	11.511.323
Heildarafkoma	0	0	0	377.160	(7.024.272)	11.511.323	4.864.211
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(2.890.207)					2.890.207	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga færð á bundið eigið fé*		7.000.139				(7.000.139)	0
Fært á bundið eigið fé vegna þróunar			59.759			(59.759)	0
Eigið fé 31. desember 2016	72.918.471	7.000.139	59.759	2.822.160	(1.785.611)	47.063.461	128.078.379

Árið 2015

Eigið fé 1. janúar 2015	69.134.617	0	0	1.760.000	4.185.363	26.605.186	101.685.166
Endurmat, hækkun	10.326.585						10.326.585
Endurmat, lækkun	(28.785)						(28.785)
Tekjuskattsáhrif af endurmati	(1.187.959)						(1.187.959)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu				685.000			685.000
Þýðingarmunur					1.053.298		1.053.298
Hagnaður ársins						10.680.863	10.680.863
Heildarafkoma	9.109.841	0	0	685.000	1.053.298	10.680.863	21.529.002
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(2.435.780)					2.435.780	0
Eigið fé 31. desember 2015	75.808.678	0	0	2.445.000	5.238.661	39.721.829	123.214.168

* Sjá umfjöllun í skýringu 20.

Sjóðstreymisyfirlit 2016

		2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		11.511.323	10.680.863
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7	(8.658.574)	(6.327.288)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna		(6.822.393)	(7.863.560)
Tekjuskattur	8	2.620.362	1.580.990
Afskriftir og virðisrýrnun		1.299.969	1.553.972
Söluhagnaður eigna og önnur breyting		(2.573)	(44.684)
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(51.886)	(419.707)
Birgðir, hækkun		(17.142)	(210.565)
Skammtímakröfur, lækkun		104.574	312.183
Skammtímaskuldir, hækkun		60.393	92.197
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		95.940	(225.892)
Innborgaðar vaxtatekjur		5.987.232	7.701.386
Greidd vaxtagjöld		(4.716.503)	(4.415.500)
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(534.762)	(460.431)
Handbært fé frá rekstri		831.906	2.599.563
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(578.154)	(625.552)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		20.394	80.544
Lán til dótturfélaga		10.742.037	9.992.157
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum		0	288
Breyting á bundnum innlánum		(2.445.619)	2.445.763
Breyting á markaðsverðbréfum		375.016	(1.024.668)
Afborganir annarra fjáreigna		4.008.100	0
Fjárfestingarhreyfingar		12.121.774	10.868.532
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		7.048.000	0
Afborganir langtímaskulda		(15.431.131)	(14.825.531)
Skammtímalán, hækkun (lækkun)		2.859.984	(1.693.456)
Fjármögnunarhreyfingar		(5.523.147)	(16.518.986)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		7.430.534	(3.050.891)
Handbært fé í ársbyrjun		4.935.827	8.111.215
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(252.970)	(124.497)
Handbært fé í lok ársins		12.113.391	4.935.827
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, breyting		(230.494)	42.189
Skammtímaskuldir, breyting		230.494	(42.189)
Tekin ný langtímalán		4.646.713	0
Afborganir langtímalána		(4.646.713)	0
Aðrar upplýsingar			
Veltufé (til) frá rekstri		(317.996)	2.476.580

Skýringar

1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Ársreikningur Orkuveitunnar er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er sjálfstætt eignarhaldsfyrirtæki sem veitir dótturfélögum sínum margvíslega stoðþjónustu. Dótturfélögin eru þjónustufélög sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur móðurfyrirtækis er gerður í samræmi við ársreikningalög nr. 3/2006. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að eignarhlutar í öðrum félögum, áhættuvarnarsamningar og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Tekjur

Tekjur af vörusölu og þjónustu

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru og þjónustu.

Leigutekjur

Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfyrirtækið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfyrirtækið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem móðurfyrirtækið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar fyrirtækið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 36% vegna ársins 2016 (2015: 36%).

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna frá þeim tíma sem þær eru nýtanlegar. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	0-50
Fasteignir	17-100
Lausafjármunir	3-25 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

Óefnislegar eignir

Hitaréttindi

Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun og eru færð meðal óefnislegra eigna. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup.

Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hitaréttindi	100 ár
Hugbúnaður	3-7 ár

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Áhættuvarnarsamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengisbreytinga. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta væntri rýrnun á virði krafna þegar hlutlægar vísbendingar eru til staðar sem benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi sé lægra en áður var talið.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
	Meðalgengi		Árslokagengi	
CHF	122,504	137,077	110,810	130,500
EUR	133,591	146,296	119,130	141,320
USD	120,673	131,847	112,820	129,590
JPY	1,112	1,089	0,966	1,076
GBP	163,803	201,576	138,910	192,060
SEK	14,128	15,642	12,432	15,395
Þröng viðskiptavog SÍ	179,629	200,993	161,668	191,495

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
Laun	1.806.583	1.540.272
Mótframlag í lífeyrissjóði	240.830	206.272
Önnur launatengd gjöld	176.869	159.296
Eignfærð laun	(297)	(192)
Laun og launatengd gjöld samtals	2.223.986	1.905.648

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og forstjóra á árinu námu 98.981 þúsundum kr. (2015: 87.815 þúsundum kr.)

Fjöldi ársverka	197,3	188,9
-----------------------	-------	-------

5. Þóknun greidd til endurskoðanda

	2016	2015
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjóra	11.605	9.369
Önnur þjónusta greidd til endurskoðanda	1.997	1.293
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda	13.602	10.662

6. Afskriftir og virðisrýrnun

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 9	239.587	237.068
Virðisrýrnun eigna í byggingu sbr. skýringu 9	990.284	1.240.000
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 10	70.099	76.903
Afskriftir og virðisrýrnun færðar í rekstrarreikning	1.299.969	1.553.972

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur	424.516	289.340
Vaxtatekjur frá dótturfélögum	7.255.970	9.157.457
Vaxtatekjur samtals	7.680.486	9.446.798
Vaxtagjöld	(3.855.819)	(3.800.228)
Vaxtagjöld til dótturfélaga	(796.825)	(632.410)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(1.011.015)	(705.321)
Vaxtagjöld samtals	(5.663.659)	(5.137.959)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu	0	(7.712)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	(462.718)	376.902
Arðstekjur	28.509	8.655
Áhættuvarnarsamningar	(2.945.090)	(1.916.314)
Áhættuvarnarsamningar við dótturfélög	455.040	(1.359.355)
Gengismunur	17.114.750	3.703.453
Gengismunur vegna lána til dótturfélaga	(7.548.744)	1.212.821
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	6.641.747	2.018.449
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	8.658.574	6.327.288

1) Orkuveitan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,95% (2015: 0,375%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,57% (2015: 0,55%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 1.011 milljónum kr. árið 2016 (2015: 705 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Skýringar

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:	2016	2015
Tekjuskattur til greiðslu	1.621.717	0
Breyting á frestuðum tekjuskatti	998.645	1.580.990
Gjaldfærður tekjuskattur	2.620.362	1.580.990
Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2016	2015
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	14.131.684	12.261.853
Tekjuskattur	36,0% 5.087.406	36,0% 4.414.267
Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga	(17,4%) (2.456.061) (	23,1%) (2.829.599)
Aðrir liðir	(0,08%) (10.983) (	0,03%) (3.678)
Virkur tekjuskattur gjaldfærður í rekstri	18,5% 2.620.362	12,9% 1.580.990

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2016	Framleiðslu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	3.964.584	1.427.376	2.002.635	7.394.595
Endurflokkun eigna	(144.614) (	172.813) (	140.979) (	458.406)
Viðbætur á árinu	4.864	294.819	260.456	560.138
Viðbætur eigna í þróun	40.676	0	0	40.676
Selt og aflagt á árinu	0	0 (	66.893) (	66.893)
Staða í árslok	3.865.510	1.549.382	2.055.219	7.470.112
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	2.790.996	356.783	1.073.675	4.221.454
Endurflokkun eigna	(144.614) (	172.813) (	140.979) (	458.406)
Afskrifað á árinu	7.495	14.648	217.444	239.587
Virðisrýrnun eigna í þróun	990.284	0	0	990.284
Selt og aflagt á árinu	0	0 (	49.072) (	49.072)
Staða í árslok	3.644.161	198.618	1.101.068	4.943.847
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2016.....	1.173.588	1.070.593	928.960	3.173.141
Bókfært verð 31.12.2016.....	221.349	1.350.764	954.152	2.526.265
Þar af eignir í þróun í árslok	1.716	0	0	1.716

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

31.12.2015	Framleiðslu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	3.978.627	1.418.659	1.597.949	6.995.235
Viðbætur á árinu (	14.689)	94.370	436.014	515.695
Viðbætur eigna í þróun	645	0	0	645
Selt og aflagt á árinu	0 (	85.652) (	31.328) (	116.979)
Staða í árslok	3.964.584	1.427.376	2.002.635	7.394.595
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	1.546.347	408.573	870.585	2.825.505
Afskrifað á árinu	4.649	10.805	221.615	237.068
Virðisrýrnun eigna í þróun	1.240.000	0	0	1.240.000
Selt og aflagt á árinu	0 (	62.594) (	18.525) (	81.119)
Staða í árslok	2.790.996	356.783	1.073.675	4.221.454
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2015.....	2.432.280	1.010.086	727.364	4.169.730
Bókfært verð 31.12.2015.....	1.173.588	1.070.593	928.960	3.173.141
Þar af eignir í þróun í árslok	992.000	0	0	992.000

Eignir í byggingu

Eignir í byggingu hafa verið færðar niður um 990,3 milljónir kr. á árinu 2016 (2015: 1.200 millj. kr.) vegna óvissu um framtíð samnings um kaup á tveimur 45 MW vélarsamstæðum. Eftir niðurfærsluna er bókfært verð samningsins 0 kr. Ekki eru vísbendingar um virðisrýrnun á öðrum eignum í byggingu sem bókfærðar eru á 2,2 milljónir kr. í lok árs 2016 (2015: 992 milljónir kr.).

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna sem metnar eru fasteignamati nam 2.734 milljón kr. í árslok 2016 (2015: 2.874 milljón kr.). Brunabótamat eigna er 1.005 milljón kr. á sama tíma (2015: 1.470 milljón kr.).

Skuldbindingar

Á árinu tilkynnti OR að ekki yrði um frekari kaup á vélarsamstæðum skv. samningi við framleiðendur frá árinu 2008. Viðræður um afpöntun tveggja síðustu vélarsamstæðanna standa yfir en eftirstöðvar samningsins eru metnar á 6,3 milljarða kr. (31.12.2015: 6,6 milljarðar kr.). Kostnaður vegna afpöntunarinnar er metinn óverulegur.

10. Óefnislegar eignir

31.12.2016	Hita-réttindi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.427.031	1.446.046	2.873.077
Endurflokkun	0	161.380	161.380
Viðbætur á árinu	0	207.833	207.833
Staða í árslok	1.427.031	1.815.258	3.242.289
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	457.768	1.049.271	1.507.040
Endurflokkun	0	161.380	161.380
Afskrifað á árinu	0	70.099	70.099
Staða í árslok	457.768	1.280.749	1.738.518
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2016	969.263	396.774	1.366.036
Bókfært verð 31.12.2016	969.263	534.509	1.503.771

Skýringar

10. Öefnislegar eignir, frh.

	Hita- réttindi	Hugbúnaður	Samtals
31.12.2015			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.427.031	1.336.833	2.763.864
Viðbætur á árinu	0	109.212	109.212
Staða í árslok	1.427.031	1.446.046	2.873.077
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	457.768	972.368	1.430.136
Afskrifað á árinu	0	76.903	76.903
Staða í árslok	457.768	1.049.271	1.507.040
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2015	969.263	364.466	1.333.728
Bókfært verð 31.12.2015	969.263	396.774	1.366.036

11. Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfyrirtæki	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		31.12.2016	31.12.2015
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	100,0%	100,0%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	100,0%	100,0%
Veitur ohf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	100,0%	100,0%
Orka náttúrunnar ohf.	Vinnsla og sala rafmagns	100,0%	100,0%
OR vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100,0%	100,0%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingafyrirtæki	100,0%	100,0%
Úlfjótuvatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	100,0%	100,0%

12. Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

	31.12.2016		31.12.2015	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Íslensk Nýorka ehf.	28,95%	27.670	28,95%	28.357
Netorka hf.	38,41%	25.521	38,41%	28.204
Orkuskólinn REYST hf.	45,00%	6.146	45,00%	6.190
		59.337		62.750

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var neikvæð um 3,4 milljónir kr. á árinu 2016 (2015: jákvæð um 3,6 milljónir kr.)

13. Eignarhlutar í öðrum félögum

	31.12.2016		31.12.2015	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Landsnet hf. 1)	6,8%	3.222.160	6,8%	2.845.000
Aðrir eignarhlutar í félögum		49.831		49.831
		3.271.991		2.894.831

Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum. Stuðst er við verðmat sem framkvæmd eru af óháðum þriðja aðila auk mats sérfræðinga innan OR. Gangvirðisbreyting Landsnets hf. nam 377 milljónum. kr. á árinu og var hækkunin færð á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigið fjár.

1) Samkvæmt ákvæðum Raforkulaga nr. 65/2003 er eigendum hlutafjár Landsnets einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra eigna í fyrirtækinu, en ekki aðilum utan þess.

Skýringar

14. Áhættuvarnarsamningar

Fyrirtækið gerir áhættuvarnarsamninga til að takmarka áhættu sína vegna breytinga á gengi gjaldmiðla, vaxtastigi og álverði. Gangvirðisbreyting samninganna leiddi til 2.490 milljóna kr. gjaldfærslu á árinu (2015: 3.276 milljóna kr. gjaldfærslu) sem færð er gegnum rekstur. Öpnir samningar í árslok eru skráðir í efnahag meðal eigna og skulda.

15. Lán til dótturfélaga

Við uppskiptingu í ársbyrjun 2014 fengu dótturfélög lán frá móðurfyrirtækinu. Vaxtaberandi kröfur á dótturfélög eru sýndar í efnahagsreikningi meðal lang- og skammtímaskulda og greinast með eftirfarandi hætti:

	31.12.2016		31.12.2015	
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldabréf í ISK	3,55%	81.427.999	5,49%	85.436.537
Skuldabréf í USD	4,31%	47.596.551	3,96%	57.156.554
		129.024.550		142.593.091
Næsta árs afborganir lána til dótturfélaga		(7.962.723)		(8.165.257)
Langtímahluti lána til dótturfélaga		121.061.827		134.427.834

16. Aðrar fjáreignir

Í september 2016 var undirritað samkomulag milli Orkuveitu Reykjavíkur og Magma Energy Sweden, móðurfélags HS Orku um breyttar afborganir á skuldabréfi sem áður var á meðal veltufjármuna en skuldabréfið var eingreiðslulán með gjalddaga í desember 2016. Samkvæmt samkomulaginu var helmingur fjárhæðar bréfsins greiddur við staðfestingu samkomulagsins og helmingur verður greiddur á fyrri hluta árs 2018. Hlutabréf í HS Orku munu áfram verða að veði fyrir greiðslu og vextir hækka úr 1,5% í 5%. Afleiður eru ekki aðskildar frá skuldabréfinu. Gangvirði er metið út frá framvirkum verði á áli og það núvört með vöxtum viðkomandi myntar auk viðeigandi álags vegna mótaðilaáhættu.

17. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2016	31.12.2015
Tekjuskattseign í ársbyrjun	709.813	2.290.803
Reiknaður tekjuskattur ársins	(2.620.362)	(1.580.990)
Tekjuskattur til greiðslu	1.621.717	0
(Tekjuskattsskuldbinding) -eign í árslok	(288.831)	709.813

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2016	31.12.2015
Varanlegir rekstrarfjármunir	840.254	714.653
Framvirkir samningar	1.785.043	1.625.849
Frestaður gengismunur	(2.885.794)	(1.653.268)
Aðrir liðir	(28.334)	(403.470)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	0	426.050
(Tekjuskattsskuldbinding) -eign í árslok	(288.831)	709.813

Félagið hefur nýtt allt yfirfæranlegt skattalegt tap í lok árs 2016 (2015: 1.183 milljónir kr.)

Skýringar

18. Birgðir

Efnisbirgðir	531.172	514.030
--------------------	---------	---------

Efnisbirgðir samanstanda af efni til viðhalds framleiðslu- og dreifikerfa fyrirtækisins. Hluti birgða er skilgreindur sem öryggisbirgðir, þ.e. þær birgðir sem verða að vera til staðar til að bregðast við bilunum/viðhaldi jafnvel þó veltuhraði þeirra sé lítill. Verðmæti birgða er yfirfarið reglulega. Birgðir til endurnýjunar og nýbygginga eru eignfærðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna sem hluti af kostnaði við eignir í byggingu.

19. Handbært fé, bundnar innstæður og markaðsverðbréf

	31.12.2016	31.12.2015
Bundnar bankainnstæður, bundnar í þrjá til tólf mánuði	3.000.000	554.381
Markaðsverðbréf	1.132.427	1.353.894
	4.132.427	1.908.275
Handbært fé, laust innan þriggja mánaða	12.113.391	4.935.827

20. Eigið fé

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila starfsemi í öðrum gjaldmiðli sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri félagsins.

Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur samanstendur af hækkunum á mati á fjáreignum til sölu að teknu tilliti til tekjuskatts.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

Bundið eigið fé vegna þróunar

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum sem eignfæra þróunarkostnað að færa sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á sérstakan lið meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af.

Óráðstafað eigið fé

Enginn arður var greiddur til eigenda móðurfyrirtækisins árið 2016 (2015: Engin arðgreiðsla). Stjórn fyrirtækisins leggur til að ekki verði greiddur arður til eigenda móðurfyrirtækisins á árinu 2017 vegna rekstrar á árinu 2016. Eigendafundur tekur ákvörðun um arðgreiðslur.

Skýringar

21. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti:

Langtímaskuldir	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnanir	99.397.831	126.105.538
Víkjandi lán frá eigendum	13.293.025	13.711.809
Skuldabréfaútgáfa	25.159.658	20.993.547
	137.850.514	160.810.894
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(14.158.904)	(19.090.494)
	123.691.610	141.720.400
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14.158.904	19.090.494
Víxlar	2.859.984	0
	17.018.888	19.090.494
Vaxtaberandi skuldir samtals	140.710.498	160.810.894

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjaldldagi	31.12.2016		31.12.2015	
		Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	5.10.2027	0,00%	12.148.428	0,00%	15.858.990
Skuldir í EUR	19.12.2027	0,65%	37.619.335	0,79%	49.424.015
Skuldir í USD	15.11.2038	2,18%	30.554.614	1,62%	39.472.704
Skuldir í JPY	10.5.2027	0,00%	5.868.767	0,13%	7.550.385
Skuldir í GBP	26.2.2024	1,53%	2.544.687	1,74%	4.031.464
Skuldir í SEK	5.10.2027	0,00%	3.747.424	0,00%	5.155.106
			92.483.255		121.492.664
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	9.5.2046	4,13%	42.167.259	4,03%	39.318.230
Óverðtryggðar	5.12.2018	6,90%	6.059.984		0
			48.227.244		39.318.230
Vaxtaberandi skuldir samtals			140.710.498		160.810.894

Afborganir langtímalána greinast þannig næstu ár:

	31.12.2016	31.12.2015
Árið 2016.....	-	19.090.494
Árið 2017.....	17.018.888	14.737.151
Árið 2018.....	14.401.563	14.624.569
Árið 2019.....	12.975.985	14.075.793
Árið 2020.....	12.733.647	13.777.395
Árið 2021.....	11.669.048	-
Síðar	71.911.366	84.505.493
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	140.710.498	160.810.894

Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum móðurfyrirtækis. Fyrirtækið hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 23.443 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (2015: 13.909 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli. Í lok árs 2016 stóðst OR öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

Skýringar

22. Rekstrarleiga húsnæðis

Fyrirtækið sem leigutaki

Fyrirkomulag rekstrarleigusamnings

Orkuveitan gerði 20 ára leigusamning við Foss Fasteignafélag ehf. vegna höfuðstöðva samstæðunnar að Bæjarhálsi 1 og Réttarhálsi í lok árs 2013. Í samningnum er ákvæði um kauprétt sem Orkuveitan getur nýtt sér eftir 10 og 20 ár. Leigugreiðsla fyrstu 10 árin eru 223,9 milljónir kr. á ári, verðtryggt. Ef kaupréttur er ekki nýttur að 10 árum liðnum eru lágmarksleigugreiðslur næstu 10 ár þar á eftir 290,2 milljónir kr. á ári, verðtryggt. Í leigugreiðslu er ekki innifalin neinn rekstrarkostnaður og er þeim dreift jafnt yfir 20 ár. Fjárhæðir sem birtar eru í töflum hér að neðan ónúvirtar.

Rekstrarleigugreiðslur og -tekjur ársins	2016	2015
Leigugreiðslur færðar til gjalda	257.040	257.040
Skilyrt leiga	10.106	6.084
Tekjufærð endurleiga	(41.172) (	48.048)
	225.974	215.077

Leigugreiðslur vegna óuppsegjanlegs rekstrarleigusamnings	2016	2015
Innan árs	257.040	257.040
Eftir 1 til 5 ár	1.028.160	1.028.160
Eftir 5 ár	3.146.615	3.370.505
	4.431.815	4.655.705

Fyrirtækið sem leigusali

Orkuveitan hefur gert samning um endurleigu á hluta af leigðum fasteignum til fimm ára með möguleika á framlengingu til tíu ára.

Væntar framtíðarleigugreiðslur vegna óuppsegjanlegra rekstrarleigusamninga		
Innan árs	44.848	48.437
Eftir 1 til 5 ár	93.137	140.535
Eftir 5 ár	0	8.470
	137.986	197.442

Skýringar

23. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, dótturfélög Orkuveitunnar, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar samstæðunnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við fyrirtækið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á árinu, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir fyrirtækisins við þessa aðila í árslok.

	2016	2015
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Stofnanir og félög í samstæðu Reykjavíkurborgar	2.646	139
Dótturfélög	5.792.845	4.856.440
	5.795.491	4.856.578
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Stofnanir og félög í samstæðu Reykjavíkurborgar	13.090	25.595
Dótturfélög	158.878	388.574
Hlutdeildarfélög	161.499	55.737
	333.467	469.906
Vaxtatekjur vegna lána til dótturfélaga voru eftirfarandi:		
Vaxtatekjur vegna lána til dótturfélaga	7.255.970	9.013.034
Vaxtagjöld á lán til tengdra aðila voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.138.036	1.153.440
Akraneskaupstaður	66.849	67.633
Borgarbyggð	11.283	11.415
Lán frá dótturfélögum vegna lausafjárávöxtunar	796.825	631.877
	2.012.993	1.864.365
Kröfur á hendur tengdra aðila í árslok voru eftirfarandi:		
Stofnanir og félög í samstæðu Reykjavíkurborgar	81	79
Dótturfélög, skammtímakröfur	1.362.225	1.323.449
Dótturfélög, vaxtaberandi kröfur	129.024.550	142.593.091
	130.386.857	143.916.619

	2016	2015
Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi:		
Stofnanir og félög í samstæðu Reykjavíkurborgar	204.905	158.353
Dótturfélög, skammtímaskuldir	16.566.991	13.843.031
	16.771.895	14.001.385
Vaxtaberandi skuldir frá eigendum móðurfyrirtækis voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	12.434.163	12.825.889
Akraneskaupstaður	734.838	757.989
Borgarbyggð	124.024	127.931
	13.293.025	13.711.809

Ábyrgðargjald til eigenda

Ábyrgðargjald greitt til eigenda er meðal vaxtagjalda í ofangreindu yfirliti. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 7. Fjallað er um laun stjórnenda í skýringu 4.

Skýringar

24. Önnur mál

Orkusölusamningur við Norðurál Helguvík ehf.

Orkuveita Reykjavíkur stendur að fullu við fyrsta hluta orkusölusamnings við Norðurál Helguvík ("NH") en ágreiningur hefur verið um það frá árinu 2009 um hvort OR þurfi að afhenda meiri orku en nú þegar hefur verið gert. NH hefur ekki gripið til neinna lagalegra aðgerða, en hefur hins vegar áskilið sér rétt til að krefja OR um afhendingu á frekari orku og/eða skaðabætur vegna meints tjóns af því að orka var og hefur ekki verið afhent. OR hefur alfarið hafnað slíkum kröfum. Ekkert liggur fyrir um mögulegar fjárhæðir eða afleiðingar af mögulegum dómsmálum vegna þessa en áhætta hefur að mati stjórnenda OR farið minnkandi. Nú liggur fyrir niðurstaða í gerðardómsmáli HS Orku og NH þar sem fjallað er um túlkun á sambærilegum samningi og álitaeftum. Niðurstaða gerðardómsins er skv. tilkynningum málsaðila sú, að skuldbindingar HS Orku séu niður fallnar. Jafnframt að bótakröfum NH hafi verið hafnað. Mat stjórnenda OR er að ekki sé ástæða til að færa skuldbindingu í ársreikninginn vegna þessa.

Gjaldfallnir afleiðusamningar

Meðal annarra skammtímaskulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp en málaferli eru í gangi vegna þeirra. Mikil óvissa ríkir um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Á fyrri tímabilum hafa verið skuldfærðar 740 milljónir kr. vegna þessara samninga í bókum OR. Með skuldfærslunni felst ekki viðurkenning á skuldinni af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og getur fjárhæðin hækkað eða lækkað þegar samningarnir verða gerðir upp. Samningarnir eru flokkaðir með öðrum skammtímaskuldum.